

Rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamning milli FFÍ og WOW.

- ✓ Allir atkvæðisbærir félagsmenn í Flugfreyjufélagi Íslands sem starfa hjá Icelandair ehf. hafa rétt á að kjósa í kosningunni. Athugið að það má kjósa eins oft og hver vill, aðeins seinasta atkvæðið mun gilda.
- ✓ Félagsmaður fer inn á heimasíðu Flugfreyjufélagi Íslands (<http://www.ffi.is>) og smellir þar á tengil sem á stendur:

„Rafræn kosning um kjarasamning FFÍ og Wow air ehf.“

- ✓ Þá opnast þessi gluggi sem eftir innskráningu opnar leið að atkvæðaseðli.

The screenshot shows a blue-themed web interface for online voting. It is divided into two main sections: 'Íslykill' (Left) and 'Rafræn skilríki' (Right).
In the 'Íslykill' section, there are two input fields: 'Kennitala:' (ID number) and 'Íslykill:' (Voting key). Both have placeholder text 'Sláðu inn kennitölu' and 'Sláðu inn Íslykil' respectively. Below these is a row of Icelandic characters: á, ð, é, í, ó, ú, ý, þ, æ, ö. A yellow 'Staðfesta' button is at the bottom with the text 'Mig vantar Íslykil' below it.
In the 'Rafræn skilríki' section, there is an input field for 'Skilríki í síma:' (Mobile number) with placeholder 'Sláðu inn símanúmer'. Below it is the text 'Gættu þess að síminn sé ólæstur' and a yellow 'Innskrá' button. Further down is an input field for 'Skilríki á korti:' (Card number) with placeholder 'Settu kortið í lesarann' and a yellow 'Staðfesta' button. Below that is the text 'Mig vantar rafræn skilríki'.

- ✓ Hægt er að auðkenna sig/skrá sig inn til að greiða atkvæði með Íslykli eða rafrænum skilríkjum á farsíma eða snjallkorti.
 - Ef þú vilt auðkenna þig með rafrænum skilríkjum þá slærð þú inn GSM símanúmer þitt inn í svæðið „Símanúmer“. Að því loknu smellir þú á hnappinn „Innskrá“, þá koma boð í síma þinn þar sem þú ert beðin um að slá inn “pin” númer þitt. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðilinn.
 - Ef rafrænu skilríkin í símanum þínum eru óvirk má snúa sér til næsta bankaútibús til að fá skilríkin virkjuð.
 - Ef þú vilt auðkenna þig með Íslykli þá slærð þú inn kennitölu þína inn í svæðið „Kennitala“ og Íslykilinn þinn inn í svæðið „Íslykill“. Að því loknu smellir þú á „Staðfesta“. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðilinn.
 - Ef þú ert ekki með virkan Íslykil má sækja nýjan Íslykil með því að smella á „Mig vantar Íslykil“.
 - **Þá þarft að slá inn kennitölu og velja að senda lykil í heimabanka.**
 - Farðu inn á heimabankann þinn undir rafræn skjöl, þar er nýr Íslykill sennilega þrjú orð með punkti á milli.
 - Skrifaðu þennan Íslykil inn í Word skjal því algengustu vandræðin eru innsláttarvilla þegar viðkomandi ætlar að skrá sig inn.
 - Farðu aftur inn á heimasíðu FFÍ (<http://www.ffi.is>)

- Veldu tengilinn fyrir kosninguna (sjá ofar), þegar innskráningarsíðan birtist sláðu inn kennitölu og afritaðu Íslykilinn þinn úr Word skjalinu og ýttu á „**Staðfesta**“.
 - Nú þarft þú að búa til nýjan Íslykil, hann þarf að vera 10 stafir gott að nota orð eða nafn með punkt á milli og tölustafi í restina (bara uppástunga), settu síðan inn GSM númer og netfang og ýttu svo á „Staðfesta“.
 - Eftir að þú ýttir á „Staðfesta“ ættir þú að sjá atkvæðaseðilinn.
- ✓ Opnast nú „Atkvæðaseðill“. Þar er merkt í „Já“ eða „Nei“ eða „Skila auðu“ og atkvæðinu skilað með því að smella á „Kjósa“.



ATKVÆÐASEÐILL

Rafræn kosning um kjarasamning Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ)
og
WOW air ehf.

[Sækja samning](#)

Samþykkir þú kjarasamning FFÍ við WOW air sem undirritaður var 21. febrúar 2018

Já **Nei** **Skila auðu**

ATH Smelltu á hnappinn "Kjósa" til að setja atkvæði þitt í kjörkassann.

[Kjósa](#)

- ✓ Félagsmaður sem telur sig eiga atkvæðisrétt en er ekki inni á kjörskrá getur haft samband við skrifstofu FFÍ, netfang: ffi@ffi.is sími: 561-4307. Ef ákveðið er að bæta viðkomandi félagsmanni við kjörskrá þá verður skráningin gild að morgni næsta dags.